

# 49. þing Siglingasambands Íslands

## 1. Setning þings

Gjaldkeri setur þingið í fjarveru formanns kl. 12:10

## 2. Kosning þingforseta

Birgir Ari Hilmarsson kosinn þingforseti

## 3. Kosning kjörbréfanefndar

Í kjörbréfanefnd voru kosnir Ólafur Már (Brokey), Tryggvi (Nökkva) og Pétur Th. (Þyt)

## 4. Kjör 1. og 2. þingritara

Helena Óladóttir (Brokey) býður sig fram sem þingritari.

## 5. Álit kjörbréfanefndar

Ólafur Már kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar en kjörbréfanefnd gerir ekki athugasemdir við framlögð kjörbréf:

Aðildarfélag	Aðal/varafulltrúar
Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey	Ólafur Már Ólafsson
	Arnar Jónsson
	Helena Óladóttir
Nökkvi	Tryggvi Jóhann
	Gauti Arnarson
	Gunnar Úlfarsson
Siglingafélagið Knörr	Ögmundur Ellertsson
	Þorsteinn Aðalsson
	Reynir Einarsson
UMSK (Ýmir)	Árni Möller
	Markús Pétursson
	Berglind Rún Traustadóttir
Siglingaklúbburinn Þytur	Pétur Th Pétursson, varam.
Alls 13 kjörgengir fulltrúar skv. kjörbréfum	

## 6. Kosning fastanefnda

Áður en kosning fastanefnda getur farið fram þarf það fallast á frábrigði frá tímasetningu þinghalds SÍL. Þingið skal öllu jöfnu haldið í febrúar og því er um afbrigði um að ræða sem þarf að samþykkja.

Starf SÍL hefur legið í láginni vegna ýmissa ástæðna. Lítið liggur eftir stjórnina og vonandi tekst að rífa starfið af stað aftur.

Stjórnin ákvað að senda lagabreytingar sem samþykktar voru á síðasta ári til ÍSÍ. Breytingarnar hafa því ekki öðlast gildi. Lagt til að starfað sé á þinginu eins og var fyrir lagabreytingar síðasta þings og nefndir séu kosnar aðeins til þessa þings.

Þingforseti óskaði eftir athugasemdum við lögmæti boðunar og framkvæmd þingsins. Engar athugasemdir komu frá þingmönnum og því telst þingið löglega boðað og sett.

Kjósa þarf í tvær fastanefndir, fjárhagsnefnd og laga- og leikreglnanefnd, þrjá þingmenn í hvora nefnd. Spurt var um hlutverk nefndanna og þingforseti svaraði að nefndirnar starfi aðeins á þinginu

og taki til skoðunar áætlanir, frávik og athugasemdir sem berast á þinginu. Eftirfarandi buðu sig fram til nefndarstarfa þingsins og hlutu kosningu:

Fjárhagnefnd	Laga- og leikreglanefnd
Arnar (Brokey)	Gauti (Nökkva)
Markús (Þytur)	Ólafur Már (Brokey)
Þorsteinn (UMSK/Ýmir)	Tryggvi (Nökkva)

Nefndir starfa í þinghléi.

## 7. Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar var kynnt af Birni Heiðari Rúnarssyni ritara stjórnar. Skýrsla stjórnar ber þess merki að starfsemi SÍL hafi verið í lágmarki á árinu vegna veikinda og annarra óvæntra atvika. Þó eru jákvæðar fréttir af mótastarfi og þátttöku á þjálfaranámskeiðum á vegum félagsins.

## 8. Rekstrar- og efnahagsreikningur 2021

Gjaldkeri kynnti ársreikninga félagsins.

## 9. Umræður um skýrslu stjórnar

Tvær athugasemdir komu fram um skýrslu stjórnar:

a) Niðurstöður móta skyldi birta í skýrslu stjórnar. Þar sem skýrslunni er skilað til ÍSÍ er mikilvægt að í henni komi fram þau mót sem haldin voru á árinu og úrslit þeirra. Þessar upplýsingar eru allar fyrirliggjandi.

b) Siglingafólk ársins var valið af stjórn en ekki komst til framkvæmda að afhenda viðurkenningar. Lagt er til að ný stjórn birti nöfn siglingafólksins á vef og afhendi viðurkenningarnar þrátt fyrir að liðið sé á árið 2022. Einnig að nöfn siglingafólks ársins komi fram í ársskýrslu. Vísað til nýrrar stjórnar.

Umræður fóru fram um hvernig betur mætti tryggja samfellu í starfi stjórnar þegar óvænt brottfall verður af stjórnarmeðlimum eða mannbreytingar af öðrum ástæðum. Lagt til að ný stjórn taki til skoðunar að skjalfesta ferla og verklag svo nýtt fólk eigi auðveldara með að láta til sín taka í stjórnarstörfum.

Fráfarandi ritari stjórnar mun bæta við framkomnum athugasemdum við skýrslu stjórnar.

## 10. Umræður um og samþykkt reikninga

Fram kom fyrirspurn um hverju sætti sá munur sem er á styrkjum ÍSÍ til félagsins sem eru miklu hærri 2021 en árið á undan. Ólafur Már (Brokey) upplýsti að ekki hefði allt styrkfé ÍSÍ skilað sér á árinu 2020 og kæmi því sem viðbót við styrkupphefð ársins 2021. Hann brýndi fyrir stjórn að fylgjast þyrfti með og fylgja eftir styrkumsóknum og -veitingum.

Þingforseti vakti athygli á að styrkveitingar ÍSÍ taka mið af starfsemi félagsins árið á undan og mikilvægt sé að skýrsla stjórnar dragi fram þá þætti sem félagið hefur unnið að. Hætt er við, að þó staða félagsins sé mjög góð um þessar mundir, að styrkir næsta árs verði lægri en áður vegna þeirrar lægðar sem starfsemi SÍL hefur verið í árið 2021.

Reikningar samþykktir.

## 11. Fjárhagsáætlun

Markús kynnti fjárhagsáætlun ársins 2022, sjá [þingskjal 1](#).

Tillögu að fjárhagsáætlun vísað í fjárhagsnefnd.

## 12. Lagabreytingatillögur

### a) Breyting á mótaskrá

Markús kynnti tillögu að breytingu á mótaskrá 2022:

Að Íslandsmóti kjölbáta (10.8.) og Íslandsmóti kæna sé víxlað í mótaskrá svo keppendur á *Nordic Youth Sailing* hafi tök á að taka þátt í mótinu í Finnlandi, sjá **þingskjal 2**.

Tillögu að breytingu á mótaskrá vísað til laga- og leikreglanefndar.

### b) Lagabreytingartillaga

Tillaga ÍSÍ að lagabreytingu á við löginn eins og þau standa núna, þar sem breytingatillögur síðasta árs hafa ekki verið færðar inn. Breytingarnar eru lagðar fram til að gæta samræmis við það orðalag sem tíðkast hjá aðildarfélögum ÍSÍ.

Þingforseti leitaði samþykkis þingsins til afbrigða að mega taka tillöguna fyrir þrátt fyrir að hún hefði ekki verið birt með fundarboði. Engin þingmaður mótfallinn.

Breyting á grein 4.1.1.9: Orðalagsbreyting *skoðendur í skoðunarnefnd*.

Breyting á grein 10.2.: Breyta þarf orðinu *þingskýrsla í þinggerð*.

Tillögurnar settar fram í **þingskjali 3** og vísað til laga- og leikreglanefndar.

- Þinghlé – Þingnefndir að störfum

## 13. Tillögur fjárhagsnefndar

Arnar Jónsson (Brokey) kynnti niðurstöðu fjárhagsnefndar. Nefndin leggur til þá breytingu á **þingskjali 1** að hækkað sé framlag til afeksstarfs um 1.000.000 íkr. og verði 2.700.000 íkr. Gjöld félagsins verða þá hærrí en tekjur. Kostnaður ársins verður þá 10.900.000 íkr. í stað 9.900.000 íkr.

Nokkur umræða fór fram um hver stuðningur SÍL ætti og/eða gæti verið við nýliðastarf víðsvegar um landið. Slíkt er hluti stefnumörkunar og útbreiðslustarfs (sbr. útbreiðslustyrkur).

Þorsteinn (Ými) benti á að þingið gæti gert það að tillögu sinni að leggja aukna áherslu á uppbyggingar- eða útbreiðslustarf og það væri hægt með sérstökum lið í fjárhagsáætlun.

Ögmundur (Knörr) sagði frá endurvakningu Siglingafélagsins Knörr og benti á að stuðningur SÍL er mikilvægur nýjum siglingaklúbbum sem eru að fara af stað. Mikilvægt er að þeir geti leitað til sambandsins um faglegan stuðning, þjálfaranám o.fl.

Ólafur Már (Brokey) vakti athygli á þeim þingsályktunartillögum sem samþykktar voru á síðasta þingi en hafa ekki komið til framkvæmda. Hann leggur til að málinu sé vísað til nýrrar stjórnar og starfsmanns, tillögurnar séu sambærilegar og þær umræður sem hér fara fram.

Markús (Þyt) lagði til að sambandið hefði landsliðsþjálfara á sínum snærum til að styðja við afreksfólkið. Slíkur þjálfari gæti nýst klúbbunum hvar sem þeir eru á landinu.

Þingforseti leggur til þá breytingu á **þingskjali 1** að bætt sé í fjárhagsáætlun liðnum *Uppbyggingarstarf* og 2.000.000 settar í þann lið. Þar með er fjárhagsáætlun lögð fram að heildarupphæð 12.900.000. Samþykkt.

#### 14. Tillögur laga- og leikreglnanefndar

Laga- og leikreglnanefnd leggur til að tillaga ÍSí verði samþykkt eins og hún er framlögð og *skoðendur* verði *skoðunarmenn*, sbr. **þingskjal 3**. Samþykkt.

Laga- og leikreglnanefnd leggur til að tillaga ÍSí verði samþykkt eins og hún er framlögð og *þingskýrsla* verði *þinggerð*, sbr. **þingskjal 3**. Samþykkt.

Tillaga laga- og leikreglnanefndar um að dagsetningu móta árið 2022 verði haldið óbreytt. Samþykkt.

Tillaga laga- og leikreglnanefndar um niðurröðun móta árið 2023, sjá **þingskjal 4**. Samþykkt.

#### 15. Kosningar

##### *a) Stjórn og varastjórn*

Eftirfarandi kosin í stjórn SÍL:

Gunnar Haraldsson, kosinn formaður

Markús Pétursson (Þyt), meðstjórnandi

Anna Karen Jørgensdóttir (Ými), meðstjórnandi

Arnar Jónsson (Brokey), meðstjórnandi

Gauti Elvar Arnarson (Nökkva), meðstjórnandi

Varamenn kosnir:

Aðalsteinn Jens Loftsson (Ými)

Gunnar Úlfarsson (Nökkva)

Ríkarður Ólafsson (Þyt)

##### *b) Kosning fastanefnda*

Vísað til stjórnar

##### *c) Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga*

Ólafur Már Ólafsson (Brokey)

Gunnar Úlfarsson (Nökkva)

##### *d) Fulltrúa á íþróttaping í samræmi við reglur ÍSí*

Vísað til stjórnar

Þingið er haldið annað hvert ár og var síðast haldið 2021.

## 16. Önnur mál

### *a) Brýning*

Tryggvi (Nökkva) hvatti til að stjórn SÍL tæki upp betra skipulag fram í tímann á þeirri starfsemi sem sambandið er ábyrgt fyrir. Lýsti vonbrigðum sínum um starf stjórnar og framkvæmdastjóra síðasta stjórnarár og vonaðist til að bjartari tíð væri framundan með nýkjörinni stjórn.

### *b) Gullmerki sambandsins*

Ólafur Már sagði frá að hann hefði lagt að stjórn að veita Gullmerki SÍL til tveggja einstaklinga en því miður hefði þetta ekki komist á dagskrá sambandsins. Hann vísar málinu til stjórnar og afhendir nýkjörnum formanni framkomnar tillögur en þær snúa að Rúnari Þór og Óttarri Hrafnkelssyni.

## 17. Þingslit

Þingforseti bauð nýkjörinn formann í pontu.

Gunnar þakkaði stjórnarmeðlimum SÍL, sem þó stóðu vaktina á síðasta ári, fyrir sín störf. Hann vakti athygli á að stefnu sambandsins skortir og það birtist í umræðum þingsins og þeim áskorunum sem sambandið stendur frammi fyrir, ár frá ári. Hann benti á hve ánægjulegt er að sjá nýja og endurvakta klúbba hefja starf og hve miklu máli það skiptir að við setjum ákveðinn standard á starfið og lítum stórt á okkur.

Þingforseti þakkaði fráfarandi stjórn unnin störf og sleit þingi kl. 15:10.